

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Fagrilundur, Furugrund 83 – félagssvæði HK í Fossvogi, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. janúar 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Fagralund, Furugrund 83 – félagssvæði HK í Fossvogi.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 14. apríl 2008.

Smári Smárason skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. apríl 2008